

146. fundur skólanefndar Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn 26. september 2019 kl 17:00 í fundarherbergi skólans

Mættir voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Warén og Sigrún Birna Björnsdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Þórunn F. Víðisdóttir f.h. kennara, Bergrún Anna Þorsteinsdóttir f.h. foreldra og Vernharður Ingi Snæþórsson f.h. nemenda.

Einnig sátu fundinn Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Samþykkt fundargerð 145. fundar.
2. Gangurinn í starfinu.
3. Starfsmannamál haustsins.
4. 40 ára afmæli í ME 24.10.2019.
5. Önnur mál.

Skúli Björn formaður setti fund kl. 17:10. Gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt fundargerðar 145. fundar.

Fundargerð 145. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti en var staðfest með undirritun.



2. Gangurinn í starfinu.

Skólameistari sagði frá skólastarfinu en fyrri spönn haustannar er nú ríflega hálfnuð. Á haustönn byrjuðu um 200 dagskólanemendur og 400 fjarnemendur. Fjarnemendur fylla upp í stöðuhlutföll margra kennara en nú þarf orðið að huga að álagi sem fylgir svo mörgum fjarnemendum. Á heimavist eru á sjötta tug nemenda. Rétt um 20 nemendur munu útskrifast í desember. Skólinn þarf að huga að því að sækja fleiri nemendaígildi vegna aukins fjarnáms þar sem hann framleiðir meira en þau 292 sem hann á skv. útreikningum ráðuneytis. Starfið hefur farið vel af stað, bæði skólastarfið og félagslífið. Móttaka nýnema og busaball gengu vel og í dag var farið í VA á Ólympíuleika Austurlands. Auk þess eru Gettu betur og málfundafélagið farin af stað.

Skólameistari sýndi þróun launa í ríkisreknum framhaldsskólum þar sem ME er ofarlega.

3. Starfsmannamál haustsins.

Skólameistari sagði frá starfsmannamálum. Sigrún Árnadóttir lét af störfum í vor. Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri og Hlynur Ármannsson kennari fóru í launalaust leyfi. Margaret Johnson fer í launalaust leyfi eftir fyrri spönn haustannarinnar. Auk þess er Valgerður D. Hreinsdóttir í námsleyfi þetta skólaárið. Katrín Högnadóttir var ráðin til þýskukennslu, Rannveig Þórhallsdóttir í lífsleikni og Bergþóra Arnórsdóttir sem áfangastjóri. Sergio Ortega mun halda áfram að kenna ensku og Thelma Björk Snorradóttir kennir íþróttir í vetur. Erlendur Steinþórsson mun starfa áfram sem umsjónarmaður húsnæðis. Anna Guðmundsdóttir starfsmaður heimavistar mun láta af störfum 1. desember. Starfið hefur verið auglýst sem 50%

starf í stað 100% starfs þar sem nýtt rafrænt lykklakerfi fyrir heimavistina á að leiða til hagræðingar.

4. 40 ára afmæli í ME 24.10.2019

Seinni hluti afmælishalda skólans verður 24. október. Skólinn verður opinn fyrir hádegi og hátíðardagskrá með veitingum eftir hádegi. Menntamálaráðherra, þingmenn og sveitarstjórnarmenn hafa fengið boð en allir eru velkomnir og verður viðburðurinn auglýstur. Skólanefndarmenn eru hvattir til að mæta.


Næsta tölublað Glettings verður helgað sögu skólans frá 2000-2019 en á 20 ára afmæli skólans kom einnig út afmælisblað hjá Glettingi. Magnús Helgason er ritstjóri. Blaðið kemur út í október.

5. Önnur mál.


- Hafin er árleg vinna við stefnuskjöl sem skilað er til ráðuneytisins. Fundur með starfsmönnum menntamálaráðuneytis verður 23. október til að fara yfir þau og fleiri mál. Skólanefndarmenn munu lesa skjölin yfir og leggja inn sínar athugasemdir fyrir 4. október.
- Skólameistari mun setja inn í skjalageymslu skólanefndar fundargerðir frá kennarafundum og skólafundi haustsins til yfirlstrar og kynningar fyrir skólanefnd.
- Formaður lagði til að fundir vetrarins yrðu: 21. nóvember, 30. janúar, 19. mars og 28. maí. Tillagan er samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.


Skúli Björn Gunnarsson (sign.)



Sigrún Birna Björnsdóttir (sign.)



Halldór B. Warén (sign.)



Anna Björk Guðjónsdóttir (sign.)

